**Tillaga til 465. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 26. nóvember 2020**

Tillaga frá 1130. fundi bæjarráðs, sem fram fór 16. nóvember 2020, um að bæjarstjórn samþykki greiðslur íþrótta- og tómstundastyrkja til lágtekjuheimila, og reglna vegna þess.

**9. Íþrótta- og tómstundastyrkir til lágtekjuheimila vegna Covid-19 - 2020110018**

Lagt fram minnisblað Albertu Guðbjartsdóttur, deildarstjóra félagsþjónustu, dags. 12. nóvember 2020, um sérstaka íþrótta- og tómstundastyrki fyrir börn á tekjulágum heimilum skólaárið 2020-2021, auk reglna Ísafjarðarbæjar vegna þessa.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja greiðslur íþrótta- og tómstundastyrkja til lágtekjuheimila, og reglna vegna þess.

*Bæjarráð vísar málinu til íþrótta- og tómstundanefndar til kynningar.*